

Ár 2019, mánudaginn 18. mars, var við Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 2/2019:

Ungmennafélagið Fjölnir

gegn

Knattspyrnufélaginu Val

og

Handknattleiksdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Málið dæmir Grímur Sigurðsson.

Mál þetta var upphaflega höfðað með kæru dagsettri 9. mars 2019 og móttækin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Þann sama dag var kærinni vísað frá dómi þar sem hún uppfyllti ekki skilyrði 36. gr. laga HSÍ. Kærandi beindi kæru til dómstólsins á nýjan leik innan 24 stunda; sbr. 3. mgr. 35. gr. laga HSÍ og var kæran í kjölfarið tekin til efnismeðferðar. Fékk kæran dómskjalnúmerið 1, auk fylgiskjala sem fengu dómskjalnúmerin 2-4.

Kærði var Knattspyrnufélagið Valur (hér eftir „Valur“). Þar sem kröfugerð í kæru lýtur m.a. að því að bikarúrslitaleikur sem Handknattleiksdeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar (hér eftir „FH“) tók þátt í, verði spilaður að nýju, ákvað dómurinn að veita félaginu færi á meðalgöngu í málinu samkvæmt 34. gr., sbr. 33. gr. laga HSÍ, enda var félagið þátttakandi í umræddum bikarúrslitaleik. Þar sem kröfugerð kæranda lýtur að framkvæmd bikarmótsins óskaði dómurinn einnig eftir skriflegum athugasemdum HSÍ um kærana, sbr. 6. mgr. 37. gr. laga HSÍ.

Kærði Valur skilaði greinargerð til dómstólsins þann 12. mars 2019 og fékk hún skjalnúmerið 5. Sama dag skilaði FH greinargerð, sem fékk skjalnúmerið 6, og HSÍ athugasemdum, sem fengu skjalnúmerið 7.

Þinghald var í málinu fimmtudaginn 14. mars 2019 og þá lagt fram skjal nr. 8, Skýrsla um frammistöðu dómara. Jafnframt var ákveðið að málið skyldi flutt skriflega, sbr. 7. mgr. 37. gr. laga HSÍ. Laugardaginn 16. mars 2019 skilaði kærandi skriflegum athugasemdum á grundvelli 7. mgr. 37. gr. laga HSÍ og fengu þær skjalnúmerið 9. Aðrir aðilar málsins skiluðu ekki frekari athugasemdum.

Frammi liggja dómskjöl merkt nr. 1-9.

Kröfugerð

Kærandi gerir þær dómkröfur aðallega að mark það sem leikmaður kærða Vals skoraði úr vítakasti er 5 sekúndur lifðu af leiktíma undanúrslitaleiks meistaraflokks karla í bikarkeppni HSÍ 2019 milli kæranda og kærða Vals verði látið niður falla og úrslit leiksins ákveðin 22-21 kæranda í vil, til vara að endurtekinn verði sá leiktími sem eftir var þegar hið kærða atvik átti sér stað (5 sekúndur) og til þrautavara að leikur kæranda og kærða Vals verði spilaður aftur í heild sinni. Jafnframt gerir kærandi þá kröfu að bikarúrslitaleikur í meistaraflokki karla 2019 milli kærðu Vals og FH verði spilaður að nýju, falli dómur kæranda í vil.

Kærði Valur gerir þær kröfur aðallega að kröfum kæranda verði vísað frá dómi, til vara að kröfum kæranda verði hafnað og úrslit leiks kæranda og kærða Vals verði látin standa óhöggð, til þrautavara að leikur kæranda og kærða Vals verði spilaður í heild sinni að nýju en í annarri þrautavarakröfu að endurtekinn verði sá leiktími sem eftir var þegar hið kærða atvik átti sér stað.

Kærði FH gerir þær dómkröfur að úrslit í leik kæranda og kærða Vals skuli standa óhöggð, en til vara að úrslit í bikarúrslitaleik kærðu Vals og FH skuli þá og því aðeins dæmd ógild ef í ljós komi að kærandi hafi átt rétt til að taka þátt í leiknum í stað kærða Vals.

Í athugasemdum HSÍ eru gerðar þær dómkröfur að öllum kröfum kæranda verði hafnað og úrslit leiks kæranda og kærða Vals látin standa óhöggð.

Málsatvik og röksemdir aðila

Í kæru kemur fram að þann 8. mars 2019 hafi verið leikinn undanúrslitaleikur í bikarkeppni HSÍ 2019 milli kæranda og kærða Vals. Undir lok síðari hálfleiks, nánar tiltekið þegar 5 sekúndur lifðu af leiknum, hafi dómarrar leiksins sýnt leikmanni kæranda rautt spjald fyrir leikbrot og dæmt Vali vítakast. Leikmaður Vals skoraði úr vítakastinu og varð markatalan við það jöfn; 22-22. Lauk venjulegum leiktíma þannig og því gripið til framlengingar þar sem Valur hafði betur og öðlaðist þar með rétt til að leika til úrslita.

Eftir leik kæranda og Vals kvað aganefnd HSÍ upp úrskurð vegna rauðra spjalda sem dæmd voru í leik kæranda og Vals, sbr. dskj. nr. 2. Þar kemur fram að leikmaður kæranda hafi hlotið útilokun vegna áðurnefnds leikbrots. Dómarrar mátu að brotið félli undir reglu 8:5(a) í Leikreglum HSÍ, en þar sem brotið átti sér stað á seinustu þrjátíu sekúndum leiksins var vísað til reglu 8:10(d), sem felur í sér að við þær aðstæður beri að dæma vítakast og beita útilokun. Í skýrslu dómara eftir leikinn, sbr. dskj. nr. 3, kemur fram að við nánari athugun þeirra eftir leik hafi þeir komist að þeirri niðurstöðu að um rangan dóm hafi verið að ræða og „vilja þar af leiðandi draga útilokunina til baka“ eins og segir í skýrslu dómarranna. Í úrskurði aganefndar HSÍ er vísað til skýrslu dómarranna og komist að þeirri niðurstöðu að „ekki skuli aðhafst frekar í málinu og spjaldið mun því ekki gilda ef kemur til ítrekunaráhrifa vegna rauðra spjalda.“

Þar sem í reglu 8.10.(d) komi fram að refska skuli fyrir brot á reglunni með útilokun og vítakasti, er það afstaða kæranda að fyrst útilokun leikmanns hafi verið dregin til baka hljóti vítakast að

hafa verið rangur dómur. Sú framkvæmd leiksins komi til skoðunar hjá dómstóli HSÍ á grundvelli reglu 2. mgr. ákvæðis 17.11 í leikreglum HSÍ.

Að mati kærða Vals fellur hin umþrætta ákvörðun dómara í lok leiks kæranda og kærða Vals undir reglu 1. mgr. ákvæðis 17.11 í leikreglum HSÍ, þar sem segir að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum séu endanlegar. Slíkar ákvarðanir verði ekki endurskoðaðar eða endurmetnar af dómstóli HSÍ. Þar að auki telur kærði Valur að ákvörðun dómara leiksins hafi verið rétt, enda hafi leikbrot leikmanns kæranda falið í sér brot á reglu 8.5.(a) sem réttlæti að dæmd sé útilokun og vítakast á grundvelli reglu 8.10.(d).

Röksemdir kærða FH eru að meginstefnu þær sömu og kærða Vals. Hin umdeilda ákvörðun dómara falli undir mat þeirra á staðreyndum, sem ekki verði endurskoðuð af dómstól HSÍ. Jafnvel þó talið verði að ákvörðunin feli í sér mistök réttlæti það ekki að dómstóll hlutist til um úrslit leiksins.

Í athugasemdum HSÍ kemur fram að samkvæmt leikreglum HSÍ séu ákvarðanir á meðan á leik stendur á ábyrgð dómara leiksins. HSÍ taki ekki afstöðu til þess hvort hin umdeilda ákvörðun hafi falið í sér mistök dómara en ljóst sé að ákvörðunin feli í sér mat dómara á staðreyndum sem falli undir 1. mgr. ákvæðis 17.11 í leikreglum HSÍ. Sömu reglu sé að finna í 14. gr. reglugerðar um dómara og eftirlitsmenn þar sem segi: „*Ekki er hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli, sem byggður er á mati hans á stöðunni í hverju tilviki.*” Jafnvel þó fram komi í skýrslu dómara til aganefndar eftir leikinn að það hafi verið rangur dómur að refsa leikmanni kæranda með útilokun vegna umrædds atviks, sé það í sjálfu sér ekki óalgengt í íþróttum að dómara sjái eftir leik í endurskoðun leiksins að tiltekin atvik hafi ekki verið réttilega dæmd. Í umræddu tilviki hafi dómara leiksins viljað koma þeirri skoðun sinni á framfæri við aganefnd til að aganefndin hefði hana til hliðsjónar við ákvörðun sína um viðurlög viðkomandi leikmanns. Slíkt sé í samræmi við vinnureglur aganefndar og breyti í engu þeirri staðreynd að ákvörðun dómara í leiknum standi, enda var hún að fullu í samræmi við leikreglurnar.

Niðurstaða

Með úrskurði dómstólsins þann 9. mars 2019 var upphaflegri kæru kæranda vísað frá dómi þar sem hún uppfyllti ekki skilyrði 36. gr. laga HSÍ. Með kæru dagsettri 10. mars 2019 kærði kærandi hið umdeilda atvik að nýju, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga HSÍ. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að kæran uppfyllti öll skilyrði 36. gr. laga HSÍ og tók hana til efnismeðferðar. Verður því ekki fallist á aðalkröfu kærða Vals um að kröfum kæranda verði vísað frá dómi.

Samkvæmt 31. gr. laga HSÍ skulu dómstólar HSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda HSÍ og varða lög og reglur HSÍ eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu dómstólar HSÍ byggja niðurstöður sínar.

Ágreiningur deiluaðila lýtur fyrst og fremst að túlkun á reglu 17:11 í leikreglum HSÍ og 14. gr. reglugerðar HSÍ um dómara og aðstoðarmenn. Í grein 17:11 leikreglna HSÍ segir að ákvarðanir dómara byggðar á mati þeirra á staðreyndum séu endanlegar. Aðeins megi áfrýja þeim ákvörðunum sem ekki eru í samræmi við leikreglurnar. Í 14. gr. reglugerðar um dómara og aðstoðarmenn segir að ekki sé hægt að kæra eða mótmæla úrskurði dómara á leikvelli sem byggður sé á mati hans á stöðunni hverju sinni.

Af ákvæðunum má ráða að mat dómara á því sem gerist á leikvöllinum verður ekki endurskoðað. Hins vegar megi „áfrýja“ ákvörðunum sem ekki eru „í samræmi við leikreglurnar“. Í orðalaginu felst að skjóta má ákvörðunum, sem eru andstæðar leikreglum en fela ekki í sér mat á staðreyndum, til úrlausnar dómstóla HSÍ. Það er því meginúrlausnarefni þessa máls hvort þær ákvarðanir dómara sem deilt er um hafi falið í sér brot á leikreglum eða mat á staðreyndum.

Í ákvæði 8:5 í leikreglum HSÍ segir að leikmaður sem ræðst gegn mótherja á þann hátt að það sé hættulegt heilsu hans skuli útilokaður. Í ákvæðinu segir enn fremur að hætta gegn heilsu mótherjans geti helgast af þeirri staðreynd að hann sé algjörlega óviðbúinn brotinu og geti þess vegna ekki varið sig. Í (a) lið ákvæðisins segir að við mat á því hvort leikbrot eigi undir regluna skuli litið til þess hvort raunverulegt tap á líkamssjórn verði þegar hlaupið er eða stokkið, eða þegar bolta er kastað. Í athugasemd við ákvæðið segir að brot þar sem líkamssnerting er lítil geti verið mjög hættuleg og leitt til alvarlegra meiðsla, til að mynda ef brotið á sér stað þegar leikmaður er í stökki eða á hlaupum, og getur þar af leiðandi ekki varið sig. Við þessar aðstæður sé það hættan sem mótherja er búin, en ekki kraftur líkamssnertingarinnar, sem sé grunnur ákvörðunar um hvort útilokun sé viðeigandi.

Mat á því hvort leikbrot falli undir reglu 8.5 í leikreglum HSÍ felur í sér mat dómara á staðreyndum á meðan á leik stendur, sbr. 1. mgr. ákvæðis 17.11 í leikreglum HSÍ. Slíkt mat verður ekki endurskoðað af dómstól HSÍ.

Í reglu 8.10(d) í leikreglum HSÍ segir að ef bolti sé í leik á síðustu 30 sekúndum leiktímans og leikmaður „hindrar sóknarliðið frá því að geta tekið skot á mark eða að ná upplögðu markfæri“ með leikbroti sem fellur undir ákvæði 8.5 í leikreglum HSÍ, skuli refsá fyrir leikbrotið með rauðu spjaldi og vítakasti. Mat á því hvort leikmaður sé með leikbroti hindraður í að taka skot á mark eða ná upplögðu markfæri felur í sér mat dómara á staðreyndum sem ekki verður endurskoðað af dómstól HSÍ.

Dómarar leiks kæranda og kærða Vals mátu það svo að leikbrot leikmanns kæranda félli undir reglu 8.5 og hefði auk þess falið í sér að leikmaður sóknarliðs væri hindraður í að taka skot á mark eða ná upplögðu markfæri samkvæmt reglu 8.10(d). Þar sem fimm sekúndur lifðu af leiktíma leiksins var það rétt heimfærsla dómaranna að refsa fyrir brotið með útilokun og vítakasti. Framkvæmd leiksins að þessu leyti var í fullu samræmi við leikreglur.

Í 1. ml. 3. gr. reglugerðar HSÍ um agamál segir að dómarar leiks skuli koma skriflegri skýrslu til skrifstofu HSÍ á þar til gerðu eyðublaði um brot samkvæmt 3. og 5. kafla reglugerðarinnar. Í 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar, sem fellur undir áður nefndan 3. kafla hennar, segir að dómarar

skuli skila aganefnd skýrslu vegna allra útilokana sem gefnar eru í leik. Í 3. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir að fyrir brot sem falli undir ákvæði 8.10 í leikreglum HSÍ geti aganefnd úrskurðað viðkomandi leikmann í leikbann í allt að sex leiki eða tímabundið bann. Hins vegar geti dómari við þær aðstæður óskað eftir að draga agaskýrslu til baka og skuli það þá gert innan fresta skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Berist slík afturköllun sé aganefnd heimilt að beita ekki leikbanni. Skýrsla dómara um brot samkvæmt 3. eða 5. kafla reglugerðarinnar felur því í sér formlega tilkynningu til aganefndar. Afturköllun skýrslunnar samkvæmt 3. mgr. 10. gr. felur auk þess í sér mikilvæga leiðbeiningu fyrir aganefnd við mat á viðurlögum tiltekinna brota.

Dómurum í leik kæranda og kærða Vals var skylt að skila skýrslu til aganefndar HSÍ um þær útilokanir sem gefnar voru í leiknum, þar með talda þá útilokun sem kæra byggist á. Þar sem útilokunin var byggð á reglu 8.10 í leikreglum HSÍ átti leikmaðurinn á hættu að fara í allt að sex leikja bann, eða tímabundið leikbann. Sú afstaða dómara leiksins að þeir teldu útilokunina ranga ákvörðun og „vilja þar af leiðandi draga útilokunina til baka“ felur í sér ábendingu til aganefndar um alvarleika brotsins og þar með mögulegt leikbann leikmannsins. Verður að telja afstöðuna fela í sér ígildi afturköllunar á agaskýrslu samkvæmt 3. mgr. 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál. Dómurum leiksins var fyllilega heimilt að taka fram í leikskýrslu að þeir teldu ákvörðun um útilokun ranga. Sú afstaða hefur, líkt og afturköllun agaskýrslu, engin önnur áhrif en að vera leiðbeinandi fyrir aganefnd við mat á leikbanni.

Kröfur kæranda byggja á því að afstaða dómara í leikskýrslu geti leitt til breytinga á ákvörðunum dómara sem teknar voru á meðan á leik stóð. Þær ákvarðanir dómara sem kæra byggist á fela í sér mat á staðreyndum og eru því endanlegar. Jafnvel þó afstaða dómara í leikskýrslu eftir leik sé sú að tilteknar ákvarðanir hafi verið rangar er engin heimild í lögum eða reglugerðum HSÍ til að láta slíka afstöðu hafa afturvirk áhrif á ákvarðanir sem teknar voru meðan á leik stóð. Gildir þá meginregla 1. mgr. ákvæðis 17.11 leikreglna HSÍ fullum fetum, enda fela ábendingar dómara í leikskýrslu einungis í sér leiðbeinandi tilmæli til aganefndar HSÍ um möguleg viðurlög vegna útilokunar.

Með hliðsjón af framansögðu er engin heimild til að verða við kröfum kæranda og er þeim öllum hafnað.

Dómsorð

Kröfum kæranda, handknattleiksdeildar Fjölnis, er hafnað.



Grímur Sigurðsson